





LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Reglugerð um Íslandsmót í Gæðingalist





REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT

1. Ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í Gæðingalist skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót í Gæðingalist skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin af stjórn í samráði við mótshaldara og skal mótið haldið fyrir 15. maí ár hvert. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, unglinga og barna sameiginlega.

2. Keppnisgreinar

Á Íslandsmóti í gæðingalist skal keppt í einum styrkleikaflokki í hverjum flokki.

Barnaflokkur: Stig 2

Unglingaflokkur: Stig 2

Ungmennaflokkur: Stig 2

Fullorðinsflokkur: Stig 3

Keppni fer fram eftir reglugerð LH um Gæðingalist.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar á mótinu, kjósi mótshaldarar svo. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

3. Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Meistaraflokkur fullorðins – öllum opinn

Ungmennaflokkur – öllum opinn

Unglingaflokkur – öllum opinn

Barnaflokki – öllum opinn

4. Auglýsing og skráningar


Íslandsmót skal auglýsa fyrir 1. janúar ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu. Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst. 5 dögum áður en mót hefst skulu allar skráningar staðfestar. 3 dögum áður en mót hefst skal birta dagskrá og ráslista.

5. Yfirdómnefnd

Yfirdómnefnd er skipuð 5 einstaklingum (sjá grein 4.1. í reglugerð um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ).

6. Skipun dómara

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki sýningar inni á reiðvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT

7. Ýmis ákvæði um Íslandsmót í Gæðingalist

Á Íslandsmóti í Gæðingalist skulu fimm efstu pör eftir forkeppni ríða til úrslita.

8. Skilyrði sem skal uppfylla

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót hverju sinni. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara sem þurfa að uppfylla þau atriði sem eru á listanum áður en skrifað er undir samning um Íslandsmót.

9. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um Gæðingalist og keppendur.